



# Jafnréttisáætlun Sveitarfélagsins Voga 2019-2023.

## Gildistaka og endurskoðun

Jafnréttisáætlun Sveitarfélagsins Voga tekur gildi þá er bæjarstjórn sveitarfélagsins hefur samþykkt hana. Áætlunin skal endurskoðuð eftir að ný bæjarstjórn hefur verið kjörin og skal ný áætlun taka gildi eigi síðar en ári eftir að ný bæjarstjórn tekur til starfa. Áætlunin skal send til Jafnréttisstofu.

## Markmið jafnréttisáætlunar Sveitarfélagsins Voga.

Með jafnréttisáætlun Sveitarfélagsins Voga skal tryggja jafna stöðu og möguleika kvenna og karla, bæði í starfsemi og störfum á vegum sveitarfélagsins. Jafnréttissjónarmið skal fléttia inn í allar ákvarðanir og aðgerðir á vegum sveitarfélagsins þar sem jafnréttismál koma til álita. Með þessari áætlun er þeim vilja lýst að jafna stöðu kvenna og karla og byggir áætlunin á lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

## Framkvæmd og umfang.

Jafnréttisáætlunin er unnin á grundvelli laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Í 12. gr. segir:

- Sveitarstjórnir skulu að loknum sveitarstjórnarkosningum skipa jafnréttisnefndir sem fjalla um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla innan viðkomandi sveitarfélags. Skulu nefndirnar vera ráðgefandi fyrir sveitarstjórnir í málefnum er varða jafnrétti kynjanna og fylgjast með og hafa frumkvæði að aðgerðum, þar með talið sértækum aðgerðum, til að tryggja jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla innan viðkomandi sveitarfélags

Einnig segir í 18. gr, 2. mgr.:

- Sveitarfélag með 25 starfsmenn og fleiri skal gera áætlun um hvernig starfsmönnum eru tryggð réttindin sem kveðið er á um í **19. – 22. gr.** laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.



## Framkvæmdaraðili

Bæjarráð fer með jafnréttismál og starfar í umboði bæjarstjórnar. Bæjarráð skal vera bæjarstjórn til ráðgjafar í jafnréttismálum. Einnig skal bæjarstjórn fylgjast með og hafa frumkvæði að aðgerðum, þ.m.t. sértækum aðgerðum til að tryggja jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Bæjarráð endurskoðar jafnréttisáætlun sveitarfélagsins í upphafi hvers kjörtímabils og leggur fyrir bæjarstjórn eigi síðar en ári eftir kosningar. Bæjarráð getur enn fremur endurskoðað jafnréttisáætlun þess á milli ef þurfa þykir.

Áætlun um framkvæmd jafnréttisáætlunar skal gerð til fjögurra ára í senn og tekur til verkefna jafnréttisnefndar, stjórnerfis og stofnana sveitarfélagsins, starfsmannastefnu sveitarfélagsins, fræðslu og leiðsagnar.

Áætlunin nær til allra íbúa og alls starfsfólks Sveitarfélagsins Voga, þar með talið kjörinna fulltrúa og starfsfólks í hlutastörfum.

## Markmið

Markmiðið með áætluninni er að tryggja kynjajafnrétti og stuðla að kynjasambættingu í allri starfsemi sveitarfélagsins. Tilmælum er einnig beint til annarra aðila innan sveitarfélagsins að tryggja jafnrétti. Leiðir til þess að ná markmiðunum er að finna í áætluninni.

Samkvæmt samþykktum um stjórn Sveitarfélagsins Voga hefur bæjarráð sveitarfélagsins umsjón með jafnréttismálum. Bæjarráð mun taka jafnréttisáætlun þessa til umfjöllunar árlega, í síðasta lagi fyrir lok maí hvers árs. Bæjarráð mun kalla eftir skýrslu frá forstöðumönnum stofnana þar sem fram kemur hvert kynjahlutfall viðkomandi stofnana er, hvernig það hefur þróast og til hvaða ráðstafana verði gripið til að ná markmiðum áætlunarinnar. Í kjölfar árlegrar umfjöllunar bæjarráðs um framvinduna verður jafnréttisáætlunin endurskoðuð og uppfærð og stjórnendum sveitarfélagsins gert að framfylgja henni til næstu árlegu umfjöllunar.

## Sveitarfélagið sem stjórnvald

Hér er fjallað um þær stjórnvaldsáðgerðir sem Sveitarfélagið Vogar leggur mesta áherslu á til að jafna hlut kvenna og karla. Aðgerðirnar taka mið af lögum 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og er vísað í greinar úr þeim lögum.



### 15. gr. Pátttaka í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum hins opinbera

Við skipun í nefndir, ráð og stjórnir á vegum Sveitarfélagsins Voga skal þess gætt að hlutfall kvenna og karla sé sem jafnast. Þessa skal einnig gætt við tilnefningar fulltrúa Sveitarfélagsins Voga í opinberar nefndir og ráð

| Markmið   | Aðgerðir   | Ábyrgðaraðili | Tímarammi                                    |
|---|--|---------------|--|
| Við skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum Sveitarfélagsins Voga skal hlutfall kynja vera sem jafnast  | Við gildistöku jafnréttisáætlunar skal bæjarráð láta taka saman tölfraðiupplýsingar yfir kynjahlutfall í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum sveitarfélagsins. Bæjarráð skal fjalla um niðurstöður úttektarinnar og, ef þurfa þykir, ræða leiðir til að taka á kynjahalla komi hann fram  | Bæjarráð      | Við gildistöku áætlunar                      |
| Kynjahlutfall fulltrúa sveitarfélagsins Voga í opinberum nefndum, ráðum og stjórnum skal vera sem jafnast | Við tilnefningar fulltrúa Sveitarfélagsins Voga í opinberar nefndir og ráð skal þess gætt að hlutfall kvenna og karla sé sem jafnast. Við tilnefningu tveggja fulltrúa skal ætíð tilnefna konu og karl. Heimilt er að gera undantekningu frá þessu þegar tilnefning fulltrúa miðast við ákveðin störf, t.d. þegar tilnefna þarf bæjarstjóra eða annan embættismann sveitarfélagsins stöðu hans vegna óháð kyni | Bæjarstjórn   | Að loknum kosningum til sveitarstjórnna 2022 |



### 18. gr. *Vinnumarkaður*

Sveitarfélagið Vogar vinnur markvisst að því að jafna stöðu kvenna og karla á vinnumarkaði og flokkar störf ekki í kvenna- eða karlastörf.

### Sveitarfélagið sem vinnuveitandi

Hér er fjallað um þær skyldur sem Sveitarfélagið Vogar sem vinnuveitandi leggur mesta áherslu á til að jafna hlut kvenna og karla. Aðgerðirnar taka mið af lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og er vísað í greinar úr þeim lögum.

### 19. gr. *Launajafnrétti*

Sveitarfélagið Vogar greiðir konum og körlum jöfn laun og kjör fyrir sömu eða jafnverðmæt störf

| Markmið   | Aðgerðir   | Ábyrgðaraðili               | Tímarammi        |
|---|--|-----------------------------|------------------|
| Sveitarfélagið Vogar greiðir konum og körlum jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Með jöfnum launum er átt við að laun skuli ákveðin á sama hátt fyrir konur og karla. Sömu fríðindi skulu einnig standa til boða fyrir konur og karla | Sveitarfélagið hefur hafið vinnu við að öðlast jafnlaunavottun, og skal þeirri vinnu lokið fyrir árslok 2019 | Bæjarstjóri/<br>bæjarritari | desember<br>2019 |
| Starfsfólki er ávallt heimilt að skýra frá launum sínum ef það svo kýs  | Sveitarfélagið setur klausu um þetta inn í alla ráðningarsamninga frá gildistöku jafnréttisáætlunar          | Bæjarstjóri                 | Alltaf           |



## 20. gr. Laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun

Störf sem laus eru til umsóknar hjá Sveitarféluginu Vogum standa opin jafnt konum og körlum. Sveitarfélagið gerir nauðsynlegar ráðstafanir til að konur og karlar njóti sömu möguleika til endurmenntunar, símenntunar og starfsþjálfunar eða að sækja námskeið til að auka hæfni í starfi eða undirbúnings fyrir önnur störf

| Markmið   | Aðgerðir  | Ábyrgðaraðili           | Tímarammi                      |
|---|---|-------------------------|--------------------------------|
| Laus störf standi opin jafnt konum sem körlum   | Sveitarfélagið mun ætið hvetja til þess þegar störf eru auglýst að konur sem karlar sæki um. Ekki er heimilt að veita undanþágu frá þessu nema augljósar eða vel rökstuddar ástæður séu fyrir hendi. Sveitarfélagið leitast við að hafa kynjahlutfallið sem jafnast í hverju starfi og áskilur sér rétt til að jafna hlutfallið með sértækum aðgerðum ef þurfa þykir, t.d. ef um verulegan kynjahalla er að ræða. Rökstyðja þarf slíkar ákvarðanir. Ólík starfssvið, reynsla og menntun einstaklinga skal metin óháð kyni | Bæjarstjóri             | Alltaf þegar störf eru auglýst |
| Tryggja skal möguleika kvenna og karla til endurmenntunar, símenntunar, starfsþjálfunar eða að sækja námskeið             | Forstöðumenn skulu halda kynjagreint bókhald yfir þáttöku starfsfólks í endurmenntun, símenntun og starfsþjálfun og skila til bæjarstjóra eigi sjaldnar en einu sinni á ári   | Bæjarstjóri/bæjarritari | Lokið í maí ár hvert           |
| Tryggt skal að við úthlutun verkefna, tilfærslur í störfum og uppsagnir sé einstaklingum ekki mismunað á grundvelli kyns. | Við hverja tilfærslu og uppsagnir verði unnin greining út frá kynjum þeirra sem í hlut eiga, og þess gætt að ekki sé mismunað á grundvelli kyns.  | Bæjarstjóri             | Frá gildistöku áætlunar        |
| Jafnréttissjónarmið skulu til jafns við önnur mikilvæg sjónarmið lögð til grundvallar við ráðningar starfsmanna           | Stjórnendum er skyld að viðhafa jafnréttissjónarmið við allar ráðningar starfsmanna.  | Bæjarstjóri             | Frá gildistöku áætlunar        |



## 21. gr. Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

Sveitarfélagið Vogar gerir nauðsynlegar ráðstafanir til að gera konum og körlum kleift að samræma starfsskyldur og ábyrgð gagnvart fjölskyldu, t.d. með því að auka sveigjanleika í vinnuskipulagningu og vinnutíma

| Markmið  | Aðgerðir   | Ábyrgðaraðili              | Tímarammi   |
|--|--|----------------------------|-------------|
| Sveitarfélagið Vogar vill auðvelda starfsfólk sínu að samræma starfsskyldur og fjölskyldulíf   | Nefndarfundir skulu haldnir á tíma sem hentugastur er fyrir fjölskyldufólk, t.d. í upphafi vinnudags eða lok hans og þá á þeim tínum að sem minnstur tími fari til spillis. Borin skal virðing fyrir tíma starfsfólks t.d. með því að halda tímamörk funda | Bæjarstjóri                | Alltaf      |
| Sveitarfélagið Vogar býður starfsfólk sínu upp á sveigjanlegan vinnutíma og vinnuskipulagningu | Starfsfólk hefur svigrúm til að skipuleggja vinnu sína og vinnutíma þannig að það henti fjölskylduaðstæðum ef mögulegt er. Það er þó alltaf háð samþykki yfirmanns og bæjarstjóra  | Bæjarstjóri/deildarstjórar | Þegar við á |

## 22. gr. Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni

Yfirmenn stofnana sveitarfélagsins skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk þess verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað

| Markmið  | Aðgerðir   | Ábyrgðaraðili | Tímarammi               |
|--|--|---------------|-------------------------|
| Kynbundið ofbeldi, kynbundin eða kynferðisleg áreitni á er ekki liðið á vinnustað og | Sveitarfélagið hvetur starfsfólk til að tilkynna slík mál til næsta yfirmanns eða bæjarstjóra og | Bæjarstjóri   | Frá gildistöku áætlunar |



|   |   |                                   |                               |
|---|---|-----------------------------------|-------------------------------|
|   | einnig ef það hefur grun um að slík mál séu í gangi.  |                                   |                               |
| Sveitarfélagið Vogar gerir ráðstafanir til að koma í veg fyrir kynbundið ofbeldi og kynbundna eða kynferðislega áreitni | Sveitarfélagið mun gera forvarnar- og viðbragðsáætlun gegn slíku ofbeldi og áreitni   | Bæjarstjóri                       | Júní 2020                     |
| Allar tilkynningar um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi eða áreiti eru teknar til umfjöllunar og rannsakaðar           | Allar tilkynningar um ofbeldi eða áreitni eru rannsakaðar í samræmi við lög. Verði starfsmaður uppvis um slíkt fær hann áminningu og/eða brottrekstur í samræmi við starfshætti opinberrar stjórnsýslu  | Bæjarstjóri/<br>deildastjórar     | Alltaf þegar tilkynning berst |
| Sveitarfélagið mun fræða starfsfólk sitt um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreiti                                | Sveitarfélagið ætlar innan tveggja ára að standa fyrir fræðslunámskeiði meðal starfsfólks um viðbrögð gegn kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi og áreiti. Eftir það ætlar sveitarfélagið að standa fyrir slíkri fræðslu á a.m.k. þriggja ára fresti. Einnig mun sveitarfélagið standa fyrir sérstöku námskeiði fyrir forstöðumenn um hvernig meðhöndla skuli mál sem tengjast kynbundnu eða kynferðislegu ofbeldi og áreitni | Bæjarstjóri/<br>Menningarfulltrúi | september 2021                |



## Sveitarfélagið sem þjónustuveitandi / stofnanir sveitarfélagsins

Starfsmönnum og stjórnendum stofnana Sveitarfélagsins Voga skal standa til boða aðstoð og fræðsla í jafnréttismálum, sbr. ákvæði í starfsmannastefnu og jafnréttisáætlun sveitarfélagsins. Þetta á m.a. við um störf og starfsaðstæður, svo sem kjör og samskipti á vinnustað, kynbundið ofbeldi, kynbundna- og kynferðislega áreitni, valdbeitingu og önnur þau mál sem snúa að jafnrétti og samskiptum kynja á vinnustað.

Skólayfirvöld og forstöðumenn uppeldisstofnana ber að uppfylla 22. og 23. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Allt starfsfólk stofnana þar sem uppeldisstarf fer fram, eins og í leikskólum, skólum, félagsmiðstöðvum og íþróttamannvirkjum, skal hafa jafnréttissjónarmið að leiðarljósi.

Í þessu sambandi er vísað til gildandi jafnréttisáætlana leikskóla og grunnskóla sveitarfélagsins, sem eru aðgengilegar á heimasíðum skólanna.

## Tómstundir og sumarstörf á vegum Sveitarfélagsins Voga

Þess skal gætt að bæði konur og karlar hafi sömu tækifæri til íþróttaiðkunar. Gæta skal að því að konur og karlar sitji við sama borð gagnvart fjárveitingum sveitarfélagsins og hafa sama aðgang að aðstöðu til íþróttaiðkunar sem og annari virkni.

Tryggja skal að aðstaða til tómstunda- og félagsstarfs barna og unglings og skipulag þess mismuni ekki kynjum og jafnframt að kynin hafi sömu möguleika til sumarstarfa á vegum sveitarfélagsins.

Félög sem njóta styrkja hjá Sveitarfélagini Vogum skulu fara að lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.


## Aðgengileiki

Jafnréttisáætlunin skal vera aðgengileg hjá öllum stofnunum sveitarfélagsins og skal kynnt öllum starfsmönnum þess. Stefnan skal vera aðgengileg á vef sveitarfélagsins.

Samþykkt á 289. fundi bæjarráðs Sveitarfélagsins Voga þann 6. 11.2019

Staðfest í fyrri umræðu á 162. fundi bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Voga þann 27.11.2019

og í seinni umræðu á 164. fundi bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Voga þann 29.01.2020

  **Vogar**  
Bæjarstjóri

Ásgeir Eiríksson, bæjarstjóri Sveitarfélagsins Voga